

Malbikunarstöðin HÖFÐI hf.
Sævarhöfða 6-10, IS-110 Reykjavík
Sími: 587 5848, Fax: 587 5576
Netfang: hofdi@malbik.is,
Heimasíða: www.malbik.is



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12
105 Reykjavík

Reykjavík 03.11.2023

Umsókn um á starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. að móttaka malbiksafganga.

1. Stöðin og starfsemi hennar

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð- og grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

Með kaupsamningi, dags. 8. júní 2021, keypti Malbikunarstöðin Höfði hf., kt. 581096-2919, lóðina Álhellu 18 í Hafnarfirði af Munck Íslandi ehf., kt. 701013-0340.

Malbikunarstöðin Höfði hf., kt 581096-2919, var með malbiksframleiðslu við Sævarhöfða í Reykjavík og hafði gilt starfsleyfi útgefið af Umhverfisstofnun, í gildi til 31. desember 2022. Malbikunarstöðin er staðsett á lóðinni Álhellu 34 í Hafnarfirði og hefur félagið starfsleyfi í gildi til 2034.

Fyrirtækið vinnur að frágangi á mannvirkjum og lóð að Sævarhöfða í samráði við Umhverfisstofnun.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001 staðli, ÍST EN ISO 14001 umhverfisstaðli og ISO 45001 öryggisstaðli.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins malbik, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er okkar vottunaraðili.

Malbikunarstöðin Höfði er þjónustufyrirtæki sem framleiðir og leggur út malbik í sem bestum gæðum, sem henta hverju sinni. Fyrirtækið er með úrval sérhæfðra starfsmanna sem veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf varðandi verkefni og úrbætur fyrir viðskiptavinum. Malbikunarstöðin Höfði hf. er framarlega í tækniþróun sem miðar að því að lágmarka mengun og vinnur að umhverfisvænum lausnum.

2. Hráefni í malbiki

Endurvinnsla malbiks er áhrifarík aðferð malbiksgeirans við að spara takmarkaðan forða náttúrulegra efna. Hægt er að breyta gömlu malbiki 100 % í nýtt malbik.

Malbik er blanda af steinefni, biki og oft ýmsum íaukum svo sem trefjum, viðloðunarefnum, fjölliðum, vaxefnum, sementi og/eða kalkdufti. Þyngdarhlutföllin í malbiki eru oft um það bil 94% steinefni og 6% bik, en þyngdarhlutfall íauka er hverfandi. Umhverfisáhrif af asfalti eru hverfandi. Öll bikbindiefni sem nú eru notuð hérlendis eru unnin úr jarðolíu (e. crude oil), en hún er að stofni til lífrænar leifar sem hafa ummyndast djúpt í jörðu á afar löngum tíma við skilyrði, sem fyrst og fremst eru mikill þrýstingur og hitastreymi frá iðrum jarðar

Asfalt er svart og klístrað svo það er ekki skrítið að margir haldi að asfalt sé ógnun við umhverfið. Asfalt er náttúruafni sem hefur verið notað í þúsundir ára. Varúðarupplýsingar

Malbikunarstöðin HÖFÐI hf.
Sævarhöfða 6-10, IS-110 Reykjavík
Sími: 587 5848, Fax: 587 5576
Netfang: hofdi@malbik.is,
Heimasíða: www.malbik.is



sem koma fram í öryggisblöðum(MSDS) asfalts segja að efnið sé ekki flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi.

3. Umsókn um leyfi fyrir millilager á malbikskögglum

Malbikunarstöðin Höfði hf. sækir hér með um starfsleyfi til að hafa millilager af malbiksafgöngum, að Sævarhöfða. Nú í sumar var tekið á móti 1.140 tonnum af malbiksafgöngum á lóðinni tímabundið sem var safnað með þeim malbiksköggjum sem fyrir er á lóðinni. Á þessu tímabili voru flutt rúm 22.345 tonn af steinefnum og malbiksafgöngum frá Sævarhöfða að Álhelli til þess að losa um efnishauga sem fyrir voru á Sævarhöfða. Að auki hafa aðrir aðilar tekið rúmlega 2.000 tonn af malbiksafgöngum nú í sumar sem voru fyrir á lóðinni hér að Sævarhöfða. Unnið er að því flytja upprifið malbik af Sævarhöfða sem safnað var á undanförunum árum og er það efni mulið í Álhelli til notkunar í malbiksframleiðslu og burðarlagsefni eins mikið og mögulegt er.

Malbikunarstöðin Höfði hf. var með tímabundið starfsleyfi frá Reykjavíkurborg til niðurrifs á lóðinni að Sævarhöfða, í samræmi við samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. 60419, til 31. október. Þar sem seinkanir hafa orðið á byggingaráformum á Ártúnshöfðanum hefur Malbikunarstöðin Höfði framlengt veru sína en getur þurft að flytja með skömmum fyrirvara. Fyrirtækið sækir um rekstrarleyfi til niðurrifs nú þegar tímabundna starfsleyfið er útrunnið.

Virðingafyllst,

Elín Ásgeirsdóttir,
gæðastjóri.